

S T A R F S S K Y R S L A .

1 9 8 2

Gróðrars töðin Tumastböðum.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laugun og lauffall.

Laufgun skjólbeltanna hér í gróðrarstöðinni var 8. júní en lauffall varð 23. september skjólbeltin hér eru af Bæjarstaða kvæmi.

Vöxtur.

Vöxtur trjáa er tölvert fyrir neðan meðallag og er þá aðallega átt við alaskaösp og sitkagreni eldri tré, annars held ég að vöxtur á öllum trjá og runna gróðri hafi verið fyrir neðan meðallag.

Fræfall.

Það var engu safnað af fræi hér nema af sitka- og grænelri, fræið af sitkaelri spíraði ekki en grænelrið spíraði aftur á móti vel.

Skaðar.

Aðfara nótt 27. ágúst gerði tölvert frost og eins aðfaranótt 28. ágúst og var klaki á opnum svæðum 1-2 cm. sitkagreni 2/2 reyndist vera tölvert toppkalið og eins blágreni.

Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði ~~mánuð~~ síðast í apríl og lauk að mertu um 10. nóvember. Verkstjórinn er eini ársmaður, annað starfsf. er við vor og sumarvinnu 2 karlm. og 1 kona unnu hér 1/2 árið aðrir minna.

17 karlm. unnu hér 57,39 mánaða verk eða 246 vinnuvikur og 12 konur unnu 31,5 mánaðav. eða 135 vinnuvikur samtals eru þetta 381 vinnuvikur eða 15 vinnuvikum fleiri en árið áður.

Girðingar.

Nýjar girðingar.

Girt var upp á nýtt girðing á mörkum Kollabæjar og Stöðlakots milli afleggjara heim í Tumastaði og Kollabæjar lengd girðingar eru 400 metrar.

Girt var á mörkum Kollabæjar og Stöðlakots innan við girðingu sem er við Pvergarð norðan við ástún, inn að fjallgarði og þaðan þvert yfir land Stöðlakots austur í girðingu sem er á milli Stöðlakots og Ormskots lengd girðingar er 1.250 metrar.

Einnig var girt á mörkum Tungu og Tumastaða 500 metra girðing vestur af Langholti en sunnan Torflækjar.

Petta er fullkomin girðing þó svo að girt sé á skurðbökkum, á vetrum eru bæði hross og kindur handan við skurðina og skurðirnir fyllast af snjó í skafrenningi og halda þeir þá ekki skepnum svo okkur þótti vissara að hafa girðingarnar traustar.

Samtals var á árinu girtir 2.150 metrar af nýjum girðingum.

Farið var með öðrum girðingum og þær lagfærðar.

Gróðrars töð.

Fræplöntur.

Sáð var 7,24 kg. af fræi í 529,5 m². og samkvæmt talningu í haust voru 1/o plöntur 395.000 stk. auk birkis en talning fór ekki fram á því, um haustið voru 1/o plöntur mjög smáar og má því búast við að þær fari illa í veturn.

Til dreifsetningar á árinu 1983 eru til 200 þúsund 2/o plöntur og til viðbótar er gert ráðfyrir að dreifsetja af sáningu þessa árs eða 1/o plöntum 150 þúsund er það Rússalerki og birki.

Dreifplöntur.

Dreifsettar voru 303.050 stk. af plöntum þar af í móband 172.550 stk. Dreifsetningin á þeim var aðallega stafafura en grenið fór í móband það var svo smátt, sumt af sitkagreninu og eins blágrenið sem dreifs. var í móband fór afar í illa plönturnar munu summar hafa verið með litlu lífi þegar þær voru settar í móbandið MM (kaldar).

Haustið 1981 kom snemma og grenið kól.

Garðplöntur.

Stungið var 143.985 stk. af vor græðlingum í svart plast.

Pottaðar voru 20229 stk. af ýmsum trjám og runnum.

Afhentar voru 36.975 stk. af garðplöntum.

Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 279.374 stk. af skógarplöntum.

Haustið 1981 var ekki hægt að taka upp af skógarplöntum svo mikil vinna var við upptöku á skógarplöntum í ár því teknir voru upp 2 árgangar það allar söluplöntur þessa árs og eins söluplöntur nærsta árs þó var ekki tekið upp alt sitkagreni 2/2 vegna þess það var of smátt og eins var það toppkalið.

Gróðursetning.

Plantað var 2.000^vstk. af stafafuru 2/2 B-952 Skagway í syðri Torflækjarhólin að norðan verðu.

Plantað var 1.375^vstk. af sitkagreni 2/2 B-936 Homer við mörkin Tungu og Tumastaða sunnan við Langholtið.

Byggingar.

Viðhald.

Málað var þak á starfsmannabústað og verkstæði eins steinveggir og gluggar en timburveggir fúavarðir.

Skemman þar sem frystirinn er var máluð bæði þak og veggir gaflar fúavarðir með koltjöru, eins var málað þakið á kæligeymslunni, braggi málaður.

I kollabæ 2 var málað fjárhús og hlaða sem standa vestur á túni.

Endurbætur.

Unnið var að endurbóttum á íbúðarhúsinu í Kollabæ 1 til þess að hægt væri að nota það til íbúðar yfir sumarmánuðina.

Brotin var niður skorsteinnin á loftinu niður að gólfí loft einangrað með glerull port sett meðfram súð loft og port klætt með spónaplötum, enfremur var settur kvistur á vesturhlið paksins yfir uppgangi og skipt var um glugga á norðurgafaflí gólfíð var klætt með gólfborðum sem síðan voru lökkuð loftið málað.

Nú er hægt að nota loftið sem svefnpláss og er það tvö herbergi. Loftið er hitað með litlum rafmagnsofnum.

Nývirki.

Báruplastgróðurhúsið var lengt um 6,2 m. og er nú 30,20 x 8,20 eða 247,6 m² stækkunin nemur 50,8 m².

Vélar.

Flutningaskúffa lagfærð og máluð einnig jarðtætari og skipt um hnífia og málaður, dráttarvélar yfirfarnar og gert við það sem úr lagi hafði gengið.

Keypt var Bedford vöru- og sendiferðabifreið árgerð 1977 af Kaupf. Rang. og verður hún notuð til plöntu flutninga kaupverð kr. 150.000 skrásetningarn. er L-853.

Enfremur var keypt dráttarvél Ferguson bensín árgerð 1954 kaupv. kr. 10.000 á góðum dekkjum skráningarn. 1d-202.

Keypt var loftpressa á verkstæði til að dæla lofti í dekk og til sprautunar.

Ferðafólk. Búnaðarf. Suðurlands var með skoðunar ferðir fyrir bændur á sambandssvæðinu um suðurland í sumar á tímabilinu 21.-25. júní og komu 12 hópar frá 20 - 65 mans í hverjum hóp og suma daga komu 4 hópar samtals voru þetta um 500 mans.

Yfirleitt voru bændur og konur þeirra ánæg með komuna og var reynt eftir mætti að skýra frá starfseminni og sýna skjólbelti og fræða um nota-gildi þeirra eins var farið með fólkis upp í sitkagrenilund frá 1944.